

## SAMANTEKT UM ÚTGÁFUNA

Samantekt þessa ber að lesa sem inngang að grunnlýsingu þessari og ákvarðanir um að fjárfesta í einhverjuum af skuldabréfunum ber að byggja á athugun á þessari grunnlýsingu í heild sinni, þ.á.m. þeirra skjala sem tekin eru upp í hana á grundvelli tilvísunar til þeirra. Eftir innleiðingu viðkomandi ákvæða evróputilskipunarinnar um útboðs- og skráningarlýsingar í sérhverju aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins mun engin einkaréttarleg ábyrgð falla á útgefandan í neinu slíku aðildarríki að því er varðar samantekt þessa, né heldur neina þýðingu hennar á annað tungumál, nema hún sé villandi, ónákvæm eða í henni verði vart misræmis þegar hún er lesin í samhengi við aðra hluta grunnlýsingar þessarar. Ef krafa er gerð fyrir rétti í aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins vegna upplýsinga í grunnlýsingu þessari kann málshöfðanda að vera gert, skv. landslögum í aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins þar sem krafan er sett fram, að bera kostnaðinn af því að þýða grunnlýsinguna áður en málsmeðferð hefst. Orð og orðtök sem skilgreind eru í kaflanum um “form skuldabréfanna (“Form of the Notes”) og skilmála og skilyrði skuldabréfanna (“Terms and Conditions of the Notes”) skulu hafa sömu merkingu í samantekt þessari.

### Útgefandi:

Kaupþing banki hf. er norður-evrópskur banki sem skráður er í kauphöllum á Íslandi og í Stokkhólmi. Hann starfar í tíu löndum, þ.m.t. á öllum Norðurlöndunum, í Bretlandi, Lúxemborg, Sviss og Bandaríkjunum, svo og í tveimur af stærstu viðskiptamiðstöðvum heims, Lundúnum og New York. Bankinn hefur starfsleyfi í sex löndum: Íslandi, Bretlandi, Danmörk, Svíþjóð, Finnlandi og Lúxemborg. Í Bandaríkjunum starfar bankinn með milligöngu dótturfyrirtækis síns, Kaupthing Securities Inc., sem er löggilt verðbréfamíðlun. Bretland, Ísland og Norðurlöndin eru um þessar mundir helstu markaðssvæði bankans, og skila þau 23%, 37% og 30% af heildarrekstrartekjum bankans, hvert um sig **að frátöldum óreglulegum hagnaði (hagnaði af EXISTA) árið 2006.**

Útgefandinn býður fyrirtækjum, stofnanafjárfestum og einstaklingum alhliða fjármálaþjónustu. Meðal þjónustupáttu má nefna fjárfestingabankaþjónustu, fyrirtækjabankaþjónustu, markaðsviðskipti og eignastýringu, auk alhliða fjárvörslu fyrir viðskiptavinum einkabankaþjónustu. Að auki rekur bankinn viðskiptabankaþjónustu á Íslandi, þar sem hann hefur höfuðstöðvar sínar, og í minna mæli í Svíþjóð.

Útgefandinn er nú einn af átta stærstu bönkum á norðurlandasvæðinu ef miðað er við markaðsverðmæti. Bankinn hefur stækkað bæði með innri vexti og með kaupum á fyrirtækjum, þ.m.t. FIH Erhvervsbank A/S í júlí 2004 fyrir 85.868 milljónir króna og Singer & Friedlander Group plc, sem starfar í Bretlandi, í júlí 2005 fyrir 63.708 milljónir króna. Útgefandinn telur að þessar fjárfestingar hafi aukið gæði lánasafns síns og aukið fjölbreytnina í rekstri bankans. Þó skilar FIH, sem er heildsöluviðskiptabanki, minni vaxtamun en aðrir þættir í bankarekstri útgefanda.

Útgefandinn starfar á fimm megin kjarnasviðum:

- Fyrirtækjaráðgjöf,
- Bankastarfsemi,
- Markaðsviðskiptum,
- Fjárstýringu, og
- Eignastýringar- og einkabankaþjónustu.

Auk þess rekur útgefandinn fjölmargar stoðeiningar, svo sem áhættustýringu, upplýsingatækni, fjármálasvið og sölu- og þróunarsvið.

Útgefandinn telur að niðurstöður hans á árinu 2006 endurspegli áherslu bankans á Norður-Evrópu, sem hann lítur á sem heimamarkað sinn. Um það bil 63% af tekjum bankans árið 2006 féllu til utan Íslands. Útgefandinn gerir ráð fyrir að þetta hlutfall aukist árið 2007, þar sem hann stefnir að aukningu starfsemi sinnar í Finnlandi, Lúxemborg og Bretlandi.

Eftirfarandi töflur eru samantekt úr rekstrarreikningi og efnahagsreikningi útgefanda og sýna helstu lykiltölur 31. desember 2005 og 2006.

Mkr.	2006	2005
(nema annað sé tekið fram)		
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Hreinar vaxtatekjur	52,362	32,710
Aðrar rekstrartekjur	114,854	69,488
Rekstrartekjur	<b>167,216</b>	<b>102,198</b>
Rekstrarkostnaður	(60,006)	(35,524)
Virðisrýrnun	(6,127)	(4,389)
Tekjuskattur	(14,636)	(11,228)
Hagnaður	<b>86,447</b>	<b>51,056</b>
Hagnaður hluthafa	85,302	49,260
Hlutdeild minnihluta	1,145	1,796
<b>Efnahagsreikningur</b>	<i>31.12.2006</i>	<i>31.12.2005</i>
<b>Eignir</b>		
Inneignir hjá seðlabönkum	106,961	34,877
Lán til lánastofnana	485,334	195,594
Lán til viðskiptavina	2,538,609	1,543,700
Skuldabréf og skuldaskjöl	318,264	390,575
Hlutabréf og hlutdeildarskjöl	158,856	114,188
Afleiður	65,454	21,047
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	6,453	4,459
Verðbréf vegna áhættuvarna	115,938	82,098
Fjáreignir til sölu	164	167
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	5,304	13,888
Óefnislegar eignir	68,301	54,943
Fjárfestingareignir	31,584	24,156
Rekstrarfjármunir	30,466	22,433
Skatteign	5,834	5,004
Fastafjármunir til sölu	2,334	2,302
Aðrar eignir	115,540	31,380
<b>Heildareignir</b>	<b>4,055,396</b>	<b>2,540,811</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
Innlán	750,658	486,175
Víkjandi lán	216,030	102,688
Ýmsar skuldir	2,753,816	1,749,436
Hlutdeild minnihluta	11,382	8,329

Hlutfé	323,510	194,183
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>4,055,396</b>	<b>2,540,811</b>
<b>Kennitölur</b>	<b>31.12.2006</b>	<b>31.12.2005</b>
Hlutfall kostnaðar af tekjum	36.0%	34.8%
Arðsemi eigin fjár	42.4%	34.0%
Virðisrýrnun/lán og ábyrgðir	0.2%	0.2%
Varasjóður	0.6%	0.7%
V/H hlutfall	6.6	9.9
Hagnaður á hlut, kr.	127.1	75.2
Pýnttur hagnaður á hlut, kr.	123.4	73.9
Meðaltal fjölda útistandandi hluta, millj.	671	655
Pýntt meðaltal fjölda útistandandi hluta, millj.	691	666
Fjöldi hluta í lok tímabils, millj.	732	664
Pýnttur fjöldi hluta í lok tímabils, millj.	752	675
Gengi í lok tímabilsins	841	746

Frekari upplýsingar um afkomutölur útgefanda má finna í ársreikningum félagsins fyrir árin sem lauk 31. desember 2005 og 2006, og teljast þeir hluti af grunnlýsingu þessari á grundvelli tilvísana til þeirra.

**Áhættuþættir:** Vissir áhættuþættir kunna að hafa áhrif á getu útgefanda til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum sem gefin verða út með útgáfunni. Greint er frá þessum áhættuþáttum í kaflanum um áhættuþætti (“*Risk Factors*”) hér að neðan, en meðal þeirra eru eftirfarandi: (i) sú áhætta að afkoma útgefanda kunni að verða fyrir neikvæðum áhrifum af almennum efnahagsaðstæðum og öðrum viðskiptaskilyrðum; (ii) sú áhætta að hinn verulegi samkeppnisþrýstingur sem útgefandi stendur frammi fyrir kunni að hafa neikvæð áhrif á rekstrarafkomu; (iii) sú áhætta að útgefanda reynist ókleift að vaxa með sögulegum hraða vegna skorts á fjárfestingartækifærum og öðrum áhættuþáttum sem tengjast fjárfestingum í fyrirtækjum; (iv) sú áhætta að breytingar á reglugerðarumhverfi og framkvæmd reglugerða af hálfu stjórnvalda kunni að hafa neikvæð áhrif á viðskipti útgefanda; (v) ýmiss konar almenn áhætta í bankarekstri, svo sem breytingar á vaxtastigi og gengi gjaldmiðla, rekstraráhætta, útlánaáhætta, markaðsáhætta og lausafjáraáhætta, sem allt kann að hafa neikvæð áhrif á lánshæfismat útgefanda og fjármögnunarkostnað. Að auki eru vissir þættir sem hafa þýðingu við mat á þeirri markaðsáhættu sem fylgir skuldabréfum sem gefin eru út með útgáfunni. Þessum þáttum er lýst í kaflanum um áhættuþætti (“*Risk Factors*”) og meðal þeirra má nefna að bréfin eru e.t.v. ekki heppilegur fjárfestingarkostur fyrir alla fjárfesta, svo og þá áhættu sem fylgir uppbyggingu tiltekinnar skuldabréfaútgáfu.

Lýsing: EMTN fjármögnunaráætlan (Euro Medium Term Note Programme)

Umsjón: Credit Suisse Securities (Europe) Limited

Miðlarar: Barclays Bank PLC  
Credit Suisse Securities (Europe) Limited  
Daiwa Securities SMBC Europe Limited  
Deutsche Bank AG, London Branch  
Dresdner Bank Aktiengesellschaft  
IXIS Corporate & Investment Bank  
Kaupthing Bank hf.  
Skandinaviska Enskilda Banken AB (publ)  
og aðrir miðlarar sem tilnefndir eru skv. samningnum um útgáfuna.

Útgáfu- og  
greiðsluáðili

Deutsche Bank AG, London Branch

Fjárhæð útgáfunnar

Allt að €12.000.000.000 (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum, reiknað með þeim hætti sem lýst er í almennri lýsingu útgáfunnar (“*General Description of the Programme*”) sem útistandandi er hverju sinni. Útgefanda er heimilt að auka fjárhæð útgáfunnar í samræmi við skilmála samningsins um útgáfuna (*Programme Agreement*).

Skuldabréf sem  
gefin eru út með  
útgáfunni

Útgefanda er heimilt að gefa út bréf, sem greidd eru í heild eða hluta, í hvaða gjaldmiðli sem samkomulag er um milli útgefanda og viðkomandi miðlara, á útgáfugengi sem svarar til nafnverðs, nafnverðs með afslætti eða nafnverðs með álagi.

Heimilt er að gefa út forgangsbréf, víkjandi bréf eða ótryggð bréf samkvæmt útgáfunni.

Bréfin má gefa út á áframhaldandi grundvelli til eins eða fleiri af miðlurunum, og til annarra miðlara sem tilnefndir eru samkvæmt útgáfunni á hverjum tíma, og kann slík tilnefning að varða einstaka útgáfu eða áframhaldandi útgáfu.

Bréfum má dreifa með lokuðum eða opnum útboðum, með fyrirvara um þær takmarkanir sem lýst er í kaflanum um áskrift og sölu (“*Subscription and Sale*”) og hvort heldur er á samfjárfestingar- eða sérfjárfestingargrundvelli.

Bréf má gefa út með föstum eða breytilegum vöxtum, vísitölubindingu, í tveimur gjaldmiðlum og á afsláttargrundvelli (*Zero Coupon*).

Bréf má gefa út með hvaða líftíma sem er umfram einn mánuð eða með öðrum lágmarks- eða hámarks líftíma sem heimilaður er eða sem krafist er hverju sinni af viðkomandi seðlabanka (eða sambærilegri stofnun) eða skv. lögum eða reglugerðum sem gilda um útgefandann eða viðeigandi tilgreindan gjaldmiðil (“*Specified Currency*”).

Heimilt er að gefa út bréf sem ekki er unnt að innleysa fyrir tilgreindan gjalddaga (nema með tilgreindum afborgunum, eða af skattalegum ástæðum eða vegna vanskila), eða sem heimilt er að innleysa eftir ákvörðun útgefanda eða handhafa bréfanna að sendri tilkynningu til handhafa bréfanna eða útgefanda, eftir því sem við á, á degi eða dögum sem tilgreindir eru fyrir hinn tilgreinda gjalddaga og á því gengi og með þeim skilmálum sem um kann að semjast milli útgefanda og viðkomandi miðlara.